



Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

Efni: Endurskoðun Aðalskipulags Mosfellsbæjar.


Hestamannafélagið Hördur í Mosfellsbæ óskar eftir því að við fyrirhugaða endurskoðun á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar verði reiðleiðir í sveitarfélaginu endurskoðaðar.

Mikilvægt er að reiðleiðanet sé samfelld um sveitarfélagið og að góðar tengingar séu við nærliggjandi sveitarfélög. Á síðustu árum hefur það ítrekað gertst að lokað hefur verið fyrir einstakar tengingar og reiðleiðir með nýjum deiliskipulögum og stökum breytingum á Aðalskipulagi án þess að hafa í huga heildarsýn á reiðleiðum yfir allt sveitafélagið.

Til dæmis þarf að skoða þessa staði, núverandi, breyttar og nýjar reiðleiðir:

- Um sumarhúsabyggð vestan og sunnan Hafravatns.
Með Hafravatni austanmegin.
- Um Uxamýri, Reykjahvol, Húsadal og Skammadal.
Með Skammadalsslæk sunnan og austan Helgafellshverfis.
- Um Ævintýragarðinn í tengslum við hesthúsaþverfi Harðar.
- Um Mosfellsdal við Lund og Laxnes.
- Um Mosfellsdal og tengingar við Mosfellsheiði.
- Um Mosfellsheiði í tengslum við útgáfu bókar um gamlar leiðir á heiðinni.

Mosfellsbæ 25. febrúar 2019.


Hákon Hákonarson formaður